

Viðlagfjara – breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag, auglýst frá 09.04.2026 til 21.05.2026. - Umsagnir bárust frá 7 aðilum á auglýsingatíma vegna aðalskipulagsbreytingarinnar og frá 6 aðilum vegna deiliskipulagstillögunnar.

Ef umsögn leiðir til breytinga þá er það undirstrikað í viðbrögðum sveitarfélagsins.

UMSÖGN	VIÐBRÖGÐ
Samgöngustofa 15.apríl – deiliskipulagstillaga	
Samgöngustofa bendir á að fyrirhuguð stækkun fiskeldis í Viðlagafjöru sé í nálægð við Urðarvita og að mikilvægt sé að tryggja að mannvirki skyggi ekki á leiðarmerki frá sjó eða hafi neikvæð áhrif á siglingaöryggi. Vísað er til ákvæða laga nr. 132/1999 um vitamál þar sem kveðið er á um að óheimilt sé að reisa mannvirki eða ljós sem geti villt um fyrir sjófarendum eða skyggt á vita og leiðarmerki. Stofnunin bendir jafnframt á að ekki komi skýrt fram í framlögðum gögnum hvernig tekið hafi verið tillit til þessara þátta við hönnun og staðsetningu mannvirkja og telur æskilegt að það verði skýrt betur. Þá er lögð áhersla á að leitað verði umsagnar Vegagerðarinnar vegna mögulegra áhrifa framkvæmdarinnar á siglingaöryggi.	Hugað verður að því að fyrirhuguð mannvirki hafi ekki neikvæð áhrif á siglingaöryggi eða skyggi á leiðarmerki frá sjó, sbr. ákvæði laga nr. 132/1999 um vitamál. Framkvæmdaraðili í samráði við sveitarfélagið mun tryggja áframhaldandi öryggi sjófarenda. <u>Athugasemd er tekin til greina og verður skýrt ákvæði sett í deiliskipulag um að mannvirki og lýsing megi ekki hafa áhrif á siglingaöryggi.</u>
Landsnet 29.apríl - aðalskipulagsbreyting og deiliskipulagstillaga	
Gerir ekki athugasemdir við tillöguna.	
Náttúrufræðistofnun 12. maí 2026 - aðalskipulagsbreyting og deiliskipulagstillaga	
<p>a) Náttúrufræðistofnun bendir á að þrátt fyrir að fyrirhuguð stækkun iðnaðarsvæðisins sé að mestu innan raskaðs svæðis sé svæðið umkringt jarðminjum og landslagi með mjög hátt verndargildi. Sérstaklega er bent á nálægð framkvæmdarinnar við hverfisverndarsvæði HV-6 (Þorbjörn) og HV-27 (Urðarviti) og að framkvæmdir geti valdið rofi eða óbeinum áhrifum innan verndarsvæðanna þótt ekki sé farið inn fyrir skilgreind mörk þeirra.</p> <p>b) Stofnunin bendir einnig á að ekki sé fjallað um fuglalíf í greinargerð skipulagsins og telur mikilvægt að sett verði ákvæði um vöktun svæðisins á ungotíma sjófugla frá byrjun ágúst til loka nóvember. Lagt er til að tryggt verði að lundapysjum og ungum annarra sjófugla sem villast inn á svæðið verði komið til sjávar.</p>	<p>a) Líkt og fram kemur í umhverfismatsskýrslu mun nær öll uppbygging í tengslum við stækkunina fara fram innan þess svæðis sem þegar hefur verið raskað í tengslum við núverandi skipulag á svæðinu. Í fyrra umhverfismati í tengslum við framkvæmdina var fjallað um umhverfisáhrif sem fylgdu beinu raski fyrirhugaðra framkvæmda. Framkvæmdir eru þegar hafnar á því svæði sem er til umfjöllunar. Engar breytingar eru boðaðar í deiliskipulagi sem geta haft áhrif á rof við strönd HV-27 Urðarvita. Miklar breytingar eru á ströndinni óháð framkvæmdinni. Aðgát er höfð við mörk við hverfisverndarsvæði og gætt að því að t.a.m. skeringar hafi ekki áhrif á nálæg hverfisverndarsvæði. Horft er til þessa við staðsetningu byggingarreita og samgöngumannvirkja.</p> <p>b) Hvað varðar þann hluta umsagnarinnar sem snýr að fuglalífi, ásynd landslags og jarðmyndunum, þá vísar framkvæmdaraðili í kafla 5.3, 5.6 og 5.7 í umhverfismatsskýrslu framkvæmdarinnar. Í <u>gildandi</u> deiliskipulagi er ákvæði um lýsingu sjá kafla 2.2.14, en markmiðið þar er m.a. að ljós laði ekki að pysjur.</p> <p>Leiðir ekki til breytinga.</p>

Commented [DH1]: Ok, ég er sátt við þetta, en væri samt ekki frekar auðvelt að kanna hvort byggingarreitirnir fara fyrir siglingarljósið? Hámarkshæð og staðsetning er þekkt.

Commented [DH2]: Það hefði alveg verið óskandi að tryggja með skýrari hætti að seiðaeldisstöðin verði ekki sýnileg frá aðkoma að útsýnisstað.

Commented [DH3]: Þarf ekki að færa byggingarreit seiðaeldisins aðeins frá Þorbirni eða setja kannski skilmála um að skeringar séu 45° til að tryggja að ekki verði jarðvegsrof?

Vegagerðin Suðursvæði 15. maí 2026 - aðalskipulagsbreyting og deiliskipulagstillaga	
Vegagerðin minnir á að samgöngumat hefur verið unnið fyrir svæðið og skal skipulagið taka mið af því og bendir einnig á að tryggja þarf öryggi gangandi vegfarenda með stígum og öðrum aðgerðum og óskar eftir að sjá útfærslu á skipulagsgögnum.	Athugasemd er tekin til greina. Gönguleiðir verða útfærðar á skipulagsupprætti við vegi að Viðlagafjöru. Þess verður getið að staðsetning gönguleiða sé til viðmiðunar. Áfram er ákvæði í kafla 2.2.19 í greinargerð gildandi deiliskipulags, tilgreinir þar sem kemur fram að gert er ráð fyrir göngustíg og hjólastíg með nýjum og endurbættum aðkomuvegi, Birgisbraut, sem lagður hefur verið um vestanvert deiliskipulagssvæðið frá Eldfellsvegi, og að ekki liggir fyrir hvorum megin við veg hann mun verða. Það Útfærsla göngu og hjólaleiðar mun ráðast af kringumstæðum og á hönnuurstigi. Einnig áformar Vestmannaeyjabær að leggja göngustíg meðfram Eldfellsveg að útsýnisstað norðan við Viðlagafjöru. Svæðið er hins vegar að mestu utan deiliskipulagsmarka.
Fiskistofa 18. maí 2026 - aðalskipulagsbreyting og deiliskipulagstillaga	
Gerir ekki athugasemdir en vísar til umsagna vegna umhverfismatsskýrslu.	
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands 21. maí 2026 - aðalskipulagsbreyting	
Gerir ekki athugasemdir við tillöguna.	
Hafrannsóknarstofnun 21. maí 2026 - aðalskipulagsbreyting og deiliskipulagstillaga	
Stofnunin hefur veitt umsagnir á fyrri stigum tillögunnar en kemur á framfæri tveimur ábendingum. a) Í kafla 2.2.12 <i>Meðferð úrgangs</i> er vísað í reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp. Bent er á að ný reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólp hefur tekið gildi. b) Verið er að vinna að endurafmörkun á strandsjavarhlotum. Strandsjavarhlotinu Dyrhólaey að Þorlákshöfn 103-1342-C verður skipt upp og verður afmarkað minna vatnshlot utan um Vestmannaeyjar. Þegar stækkun landeldis kemur til framkvæmda er fyrirséð að strandsjavarhlotið verði annað og minna en það er í dag.	Þakkað er fyrir ábendingarnar. a) Tilvísun í reglugerð um fráveitur og skólp verður uppfærð í greinargerð. b) Þakkað er fyrir upplýsingar.
Náttúruverndarstofnun 21. maí 2026 - aðalskipulagsbreyting	
a) Náttúruverndarstofnun bendir á að fyrirhuguð stækkun iðnaðarsvæðis og uppbygging landeldis í Viðlagafjöru sé innan svæðis á náttúruminjaskrá, nr. 723, Helgafells og Eldfells, sem hafi mikið verndargildi vegna sérstæðra jarðminja, landslagsheildar og jarðsögulegs fræðslugildis. Stofnunin leggur áherslu á að verndargildi svæðisins byggji ekki eingöngu á óröskuðum einstökum jarðmyndunum heldur einnig á samhengi landslags, hrauns og eldfjalla í heild sinni. Stofnunin telur mikilvægt að svæði á náttúruminjaskrá séu metin sérstaklega sem umhverfisþáttur við skipulagsgerð og vísar jafnframt til stefnu stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni til ársins 2030 þar sem áhersla er lögð á vernd vistkerfa, stöðvun hnignunar líffræðilegrar fjölbreytni og samþættingu náttúruverndar í skipulagsáætlanir sveitarfélaga.	a) Í umfjöllun um áhrif á umhverfisþáttinn náttúruminjar, er þess sérstaklega getið að svæðið er á náttúruminjaskrá. Í aðalskipulagi Vestmannaeyja eru afmörkuð hverfisverndarsvæði innan svæðis á náttúruminjaskrá 723. Þannig setur sveitarfélagið fram sína áherslu. Þá er í deiliskipulaginu t.d. sett ákvæði sem styðja við hverfisvernd svo sem ákvæði í kafla 2.2.7 „Gerð er krafa um að bratti skeringar á lóðarmörkum við Þorbjörn sé ekki meiri 45° “ Mörk við hverfisvernduðu svæðin eru sýnd á upprætti og tekið tillit til þeirra. Samhliða er unnið umhverfis mat fyrir framkvæmdina með umfjöllun um umhverfisþætti, þar á meðal X og Y. Það er mat sveitarfélagsins að

Commented [DH4]: Gætum bætt við og byrji utan hverfisverndaða svæðisins og að þau verði mæld og merkt áður en framkvæmdir hefjast?

Commented [DH5]: Þessi setning var nokkuð löng og torlesin.

- b) Jafnframt er bent á að umfjöllun um fuglalíf sé takmörkuð í skipulagsgögnum þrátt fyrir að framkvæmdarsvæðið sé í nálægð við mikilvæg búsvæði sjófugla í Vestmannaeyjum. Náttúruverndarstofnun telur nauðsynlegt að fjallað verði nánar um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf, þar á meðal vegna aukinnar umferðar, lýsingar, hávaða, fráveitu og næringarefnalosunar. Þá er sérstaklega bent á möguleg áhrif ljósmengunar á lundapysjur og aðra unga sjófugla og lagt til að sett verði fram vöktunaráætlun á því tímabili þegar fuglsungar halda til sjávar.
- c) Stofnunin bendir einnig á að skýra þurfi betur hvernig meðhöndlun lífræns úrgangs og seyru verði háttáð, þar með talið geymslu, flutningi, endurnýtingu og endanlegri ráðstöfun efnisins, auk mögulegra áhrifa slíkrar nýtingar á jarðveg og umhverfi.

- umfjöllun um umhverfisþætti í umhverfisskýrslu sé fullnægjandi hvað varðar hverfisvernduð svæði innan 723, miðað við stöðu deiliskipulagsins í stigskiptri áætlanagerð, þau ákvæði sem nú þegar eru í deiliskipulaginu og snúa að hverfisvernduðum svæðum innan 723, að samhlíða er unnið umhverfismat fyrir framkvæmdina með umfjöllun um umhverfisþætti og að um er að ræða svæði sem að mestu hefur verið raskað
- b) Hvað varðar þann hluta umsagnarinnar sem snýr að fuglalífi, ásýnd landslags og jarðmyndunum, þá vísar framkvæmdaraðili í kafla 5.3, 5.6 og 5.7 í umhverfismatsskýrslu. Í deiliskipulagi er ákvæði um lýsingu sjá kafla 2.2.14, en markmiðið þar er m.a. að ljós laði ekki að pysjur.
- c) Umfjöllun um meðhöndlun lífræns úrgangs er í matsskýrslu umhverfismats framkvæmdarinnar og verður einnig til umfjöllunar í leyfisveitingaferli landeldisins. Þar verður gerð betur grein fyrir fyrirkomulagi varðandi meðhöndlun lífræns úrgangs og seyru, þar með talið varðandi geymslu, flutning, endurnýtingu og ráðstöfun, í samræmi við gildandi lög og reglur um umhverfis- og náttúruvernd.